



# UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 9. apríl 2008

Tilvísun: UST20080300079/tb


Alþingi - Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Efni: Frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, flutningur verkefni til umhverfisráðuneytisins

Vísað er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 11. mars 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og stjórn fiskveiða, 55. mál, flutningur verkefna til umhverfisráðuneytisins. Lögð er til sú grundvallarbreyting að verkefni sem nú heyra undir sjávarútvegsráðuneyti verði flutt til umhverfisráðuneytis. Er þar um að ræða hafrannsóknir, friðun og ákvörðun um heildaraflamark úr einstökum fiskstofnum. Samhliða er gert ráð fyrir því að yfirstjórn Hafrannsóknastofnunarinnar verði færð frá sjávarútvegsráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Umhverfisstofnun telur að margt mæli með því að rannsóknir sem lýsa náttúrufari Íslands og grunnástandi þess og eru lagðar til grundvallar verndaraðgerðum og sjálfbærri nýtingu tegunda og búsvæða, hvort sem er á landi eða í sjó, heyri undir sama ráðuneyti, þ.e. umhverfisráðuneytið. Fyrsta skrefið í að efla almenna náttúruvernd í hafi var tekið með breytingum á lögum um náttúruvernd 1999 þegar gildissvið laganna var útvíkkað til að ná yfir bæði landhelgi Íslands og efnahagslögsögu. Á undanförunum árum hefur komið í ljós t.d. í tengslum við mat á umhverfisáhrifum að lítil tengsl eru milli þeirra stofnana sem fjalla annars vegar um náttúrufar á landi og í sjó. Einnig má benda á að lög um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, CITES, heyra bæði undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og umhverfisráðuneytið en sjávarspendýr s.s. hvalir og selir heyra undir fyrrnefnt ráðuneyti þar sem þau falla ekki undir lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Með nánari samvinnu þeirra stofnana sem fjalla um náttúrufar Íslands er líklegra, að t.d. ráðgjöf sem byggir á vistfræðilegri nálgun til að meta sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, eflist og styrkist.

Virðingarfyllst  
  
Kristín Linda Arnadóttir  
Förstjóri

  
Trausti Baldursson